



Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Austurlandi, 12. október 2023

## Efni: Frumvarp til fjárlaga 2024, 1. mál á 154. löggjafarþingi, umsögn SSA.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp og vill í upphafi þessa erindis benda fjárlaganefnd á ályktanir haustþings sambandsins 2023, sjá [hér](#).

Nýleg efnahagsgreining landshlutans, sem unnin var að beiðni SSA og kynnt ríkisstjórn Íslands í lok ágúst, sýnir að Austurland leggur mikið til þjóðarþúsins, eða tæpan fjórðung af verðmæti vöruútflutnings þrátt fyrir að í fjórðungnum búi innan við 3% landsmanna. Atvinnulífið er í mikilli sókn hvert sem lítið er og SSA beinir því til stjórnvalda að taka tillit til þess þegar ákvarðanir um innviðaupbyggingu eru teknar. Það er sanngirnismál að fjárfestingar í innviðum séu í samræmi við þá gríðarlegu verðmætasköpun sem á sér stað á Austurlandi og gerir okkur kleift að leysa úr læðingi þann kraft sem býr í íbúum og fyrirtækjum þessa landshluta.

Hér fara á eftir ábendingar við fjárveitingar er tengjast brýnni uppbyggingu innviða og þróun starfsemi og þjónustu við samfélagið á Austurlandi á árinu 2024. Allnokkrar þeirra hafa áður komið á borð fjárlaganefndar án þess að varanleg úrlausn hafi fengist.

### Sveitarfélögin

- SSA vill brýna stjórnvöld til að skapa sveitarfélögum svigrúm til að rækja hlutverk sitt með því að styrkja tekjustofna þeirra. Sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki í áframhaldandi lífskjarasókn þar sem staðinn er vörður um heimilin, á sama tíma og byggt er undir verðmætasköpun. Útgjöld sveitarfélaga halda hins vegar áfram að vaxa, sem og kröfur sem gerðar eru til þeirra í fjölmörgum málaflokkum.
- Sveitarfélög þurfa að hafa skipulagsvald yfir vikum og fjórðum og njóta hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi og skatttekjum af orkuframleiðslu – svo eitthvað sé nefnt – eigi þau að geta sinnt hlutverki sínu.

### Samgöngur

- SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem eru í núgildandi samgönguáætlun og eru í samræmi við ályktanir SSA undanfarin ár og Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044. SSA mótmælir því að ekki séu fyrirhugaðar neinar nýframkvæmir í vegamálum á svæðinu fyrr en að fjórum árum liðnum eða árið 2027.

- Kallað hefur verið eftir samgönguúrbótum til að skapa hringtengingu á miðsvæði Austurlands þannig að til verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði sem rýfur vetrareinangrun byggðalaga og tryggir ávallt örugga undankomuleið þegar hættuástand skapast vegna ofanflóða. Á mikilvægi þessa reyndi síðasta vetur þegar snjóflóð féllu í Neskaupstað og á sama tíma lokaðist eina leiðin að bænum svo ekki var hægt að koma björgunarfólki og vistum til bæjarfélagsins nema sjóleiðina. Þá er Fjórðungssjúkrahús Austurlands staðsett í Neskaupstað og afar mikilvægt að koma í veg fyrir að bærinn lokist af með því að tryggja hringtengingu svæðisins með jarðgöngum. SSA leggur því þunga áherslu á að hönnun ganga frá Seyðisfirði um Mjóafjörð til Norðfjarðar fari fram samhliða vinnu við Fjarðarheiðargöng. Vopnafjörður er órjúfanlegur hluti af atvinnu- og þjónustusvæðinu Austurland og hann þarf að tengja betur við aðra byggðakjarna Austurlands með jarðgöngum undir Hellisheiði.
- SSA ítrekar enn og aftur að framkvæmdir við endurgerð á Suðurfjarðarvegi og heilsársveg um Öxi hefjist sem fyrst. Þá verði jafnframt skoðað, þegar til þess kemur, hvort skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarvegjar út frá arðsemi, öryggi og styttingar á þjóðvegi 1. SSA leggur þó áherslu á að sú skoðun seinki ekki framkvæmdum sem nú eru tillögur um og þola enga bið.
- SSA ítrekar mikilvægi þess að hafin sé hönnun og skipulagning á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Samkvæmt Flugstefnu Íslands sem samþykkt var 2020 er uppbygging flugvallarins í forgangi við uppbyggingu innviða alþjóðaflugvalla landsins til að mæta þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli. Því skýtur skökku við að Egilsstaðaflugvöllur sé síðastur í röðinni þegar kemur að uppbyggingu varaflugvalla í drögum að nýrri samgönguáætlun. Í ljósi eldsumbrota á Reykjanesi, mikilvægi ferðaþjónustu í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, sem og framtíðarsýnar um hlutverk vallarins til eflingar atvinnulífs á Austurlandi, er nauðsynlegt að stjórnvöld slái tóninn um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar á árinu 2024 og að þess sjái stað í fjárlögum.
- SSA fagnar því að koma eigi á varaflugvallargjaldi og telur mikilvægt að þeirri áætlun verði haldið til streitu. Á sama tíma er mikilvægt að þetta gjald komi sem viðbót við það fjármagn sem síðustu ár hefur verið veitt til Isavia þar sem það hefur ekki nægt til að sinna uppsafnaðri viðhaldsþörf sem er á varaflugvöllunum á landsbyggðinni.
- Þá vill SSA minna á mikilvægi áframhaldandi þróunar á verkefninu Loftbrú þar sem flugfargjöld eru niðurgreidd fyrir þau sem búa fjærst höfuðborginni en það verkefni hefur þegar sannað gildi sitt. Í drögum að nýrri samgönguáætlun er tekið fram að ferðatími fólks af landsbyggðinni eigi ekki að þurfa að vera meiri en 3,5 klukkutími en þá þarf einnig að gæta að því að það sé á færi allra, óháð efnahag, að ferðast með skjótum hætti til höfuðborgarinnar.
- Ekkert er fjallað um framlag til Loftbrúar í fjárlagafrumvarpi né í fimm ára fjármálaáætlun og því mikilvægt að því sé fylgt eftir og tryggt að fjármunir í öfluga Loftbrú skili sér. Þá vill SSA benda á að mikilvægt er að jafna aðstöðumun barna og unglunga sem standa frammi fyrir miklum kostnaði tengdum þátttöku í íþróttakeppnum fyrir utan fjórðunginn. Horfir SSA til þess að Loftbrúin verði nýtt til að jafna þennan aðstöðumun.

- SSA leggur ríka áherslu á að staðið verði vörð um Flugþróunarsjóð og tengd verkefni í fjárlögum til næstu ára. Eftirspurn eftir Flugþróunarsjóði hefur aukist og mörg spennandi verkefni honum tengd sem geta lagt grunn að straumhvörfum í þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Reynsla annarra landa sýnir að það er langhlaup að opna nýjar gáttir fyrir ferðamenn inn í landið og til þess þarf verkfæri á borð við Flugþróunarsjóð.
- Huga þarf að samkeppnishæfni flugvallanna á Egilsstöðum og Akureyri varðandi nauðsynlega þjónustu á jörðu niðri, s.s. kaup á eldsneyti og flugafgreiðsluþjónustu. Þá minnum við á að opnun nýrra gátta stendur ekki óstudd; hún tengist markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun, þróun o.s.frv. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa veitt talsverðum fjármunum í markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands undanfarin ár og áframhaldandi stuðningur ríkisins er nauðsynlegur í þeim verkefnum sem fram undan eru.

### Heilbrigðismál

- Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) hefur náð eftirtektarverðum árangri þegar kemur að ánægju skjólstaðinga með þjónustu og viðmót stofnunarinnar og til að tryggja áframhaldandi velgengni á þessu sviði þarf að tryggja rekstrargrundvöllinn. Stofnunin hefur ávallt verið vel rekin en viðsnúningur varð á rekstrinum árið 2022. Það var fyrsta heila rekstrarárið eftir að tveimur hjúkrunarheimilum var bætt við reksturinn auk þeirra launahækkana sem stofnunin hefur þurft að takast á við. Við þessu þarf að bregðast.
- Brýnt er að fjárveiting til reksturs hjúkrunarheimila á Austurlandi sé rétt og sanngjörn, hvort sem þau eru rekin af sveitarfélögum eins og Vopnafjarðarhreppi eða ríkisstofnunum eins og HSA.
- SSA skorar á stjórnvöld að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum þannig að HSA geti staðið undir tækjakaupum til að sinna bráðaþjónustu, unnið að forvörnum, eftl geð- og líkamlega heilsu Austfirðinga og sinnt öllum sínum lögbundnu skyldum. Leggja þarf áherslu á að tryggja stöðugleika í mönnun, nútímalegan tækjakost og uppbyggingu þekkingar. Efla þarf enn frekar þverfaglegt samstarf með það að markmiði að auka heilsu og vellíðan íbúa á Austurlandi.
- SSA telur mikilvægt að stjórnvöld styðji við HSA í reglulegu framboði á þjónustu sérfræðilækna í heimabyggð með samningi við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri. Með því að bjóða þjónustuna á Austurlandi lækkar heildarkostnaður samfélagsins með minni fjarveru frá vinnu og fjölskyldu og lægri ferðakostnaði. Einnig þarf að skoða möguleikana á því að bjóða upp á aukna fjarþjónustu í þeim málaflökum sem það hentar en til þess þarf að bæta tækjakost heilsugæslunnar. Þá ítrekar SSA mikilvægi þess að stjórnvöld stuðli að úrræðum í húsnæðismálum HSA svo tryggja megi mönnun starfseminnar í landshlutanum.
- Kostnaður vegna sjúkraflutninga hefur aukist verulega, annars vegar vegna fjölgunar flutninga og hins vegar vegna kjarasamningsbundinna hækkana sem HSA greiðir þótt stofnunin sé ekki aðili að samningunum. Mikilvægt er að stjórnvöld sýni því skilning að sjúkraflutningar kosti töluvert í dreifðum byggðum og að þeir séu að fullu

fjármagnaðir en verði ekki á kostnað annarrar almennrar heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er minnt á að íbúar á Austurlandi þurfa að sækja ýmis konar heilbrigðisþjónustu út fyrir fjórðunginn með tilheyrandi raski á þeirra lífi.

### Byggðamál

- SSA vill koma á framfæri mikilvægi þess að verkefni byggðaáætlunar séu fjármögnuð svo áætlunin verði það hreyfiafl til umbóta sem að er stefnt. Staðan nú er hins vegar sú að sérgreindir fjármunir byggðaáætlunar hafa lækkað ár frá ári og ekki haldið í við verðlags- og launaþróun.
- SSA skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til sóknaráætlunar Austurlands til langs tíma. Á grunni hennar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir landshlutans eru hafðir að leiðarljósi. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Árið 2024 verður sóknaráætlunin endurskoðuð í samræmi við þá framtíðarsýn sem lýst er í nýsamþykktu svæðisskipulagi. Sóknaráætlun Austurlands mun því gegna lykilhlutverki sem eiginleg aðgerðaráætlun svæðisskipulagsins til lengri og skemmri tíma. Mikilvægt er að framlög til sóknaráætlunar fylgi verðlags- og launaþróun.
- Austurland hefur lagt mikið upp úr faglegri vinnu við sóknaráætlanir og regluverk um Uppbyggingasjóð og hafa mörg þýðingarmikil framfaraverkefni verið unnin á þeim grunni. SSA skorar á stjórnvöld að efla sóknaráætlanirnar og standa við upphafleg markmið um mikilvægi þeirra sem hreyfiafl heima í héraði. Reynslan sýnir að hlutfallslega renna mun færri styrkir úr landsdekkandi sjóðum út á land en til höfuðborgarsvæðisins og því er nauðsynlegt að rétta hlut landsbyggðarinnar, t.d. í gegnum sóknaráætlunina. Sóknaráætlanir landshlutanna eru mikilvægar öllum landsbyggðum hringinn í kringum landið. Þeir fjármunir sem hafa fylgt þeim hafa aukið sjálfstæði, frumkvæði, nýsköpun og verið undirstaðan að verðmætu menningarstarfi. Það er því afar mikilvægt að ekki sé dregið úr framlögum til þeirra heldur aukið.
- Fjárframlög til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur aukin ásókn verið í að ráðgjafar sinni stuðningi við nýsköpun og þá að skapa umgjörðina, handleiða og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst til að mynda eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, s.s. Lóu og Matvælasjóði. Greinilegt er að þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar.
- Við samþykkt fjárlaga fyrir 2023 voru framlög til atvinnuráðgjafar hækkuð um 40 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Tillaga fjárlagafrumvarps 2024 er að draga þessa hækkun til baka. Aukningin sem fjárlaganefnd lagði til í fyrra er í fullu samræmi við bæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem og samþykktu stefnu Alþingis í byggðamálum. Lækkun um þessar 40 m.kr. myndi draga úr þjónustu atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er óásættanlegt og úr takti við stefnu stjórnvalda.

- SSA bendir á að fjármagn í samningum við landshlutana um atvinnuþróun hefur dregist saman undanfarin ár að raungildi og er svo komið að fjármagnið er aðeins um helmingur af því sem það var árið 2002. Ekki er hægt að sinna þessum verkefnum af sama krafti og vilji landshlutana stendur til. Það er miður að við niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar árið 2021 hafi tækifærið ekki verið nýtt til að efla landshlutana svo þeir mættu leiða og þróa nýsköpunarumhverfi, hver á sínum svæði. Það var skilningur SSA og Austurbrúar að til staði að efla ráðgjöf og atvinnuþróun um að minnsta kosti eitt stöðugildi í hverjum landshluta. SSA ítrekar mikilvægi þess að verkefnum fylgi fjármunir til landshlutanna svo samfélögin um allt land eigi jafna möguleika á að nýta nýsköpun til viðspyrnu og styrkingar samfélaga til framtíðar.
- Boðaður niðurskurður í atvinnuþróun og atvinnuráðgjöf mun koma sér mjög illa fyrir Austurland. Fyrst og fremst mun hann þýða að nær útilokað verður að standa við þær kröfur og þau markmið sem eru í samningi Austurbrúar og Byggðastofnunar um atvinnuþróun og atvinnuráðgjöf. Með því að draga úr fjárframlögum til atvinnuþróunar á Austurlandi er verið að draga úr viðnámsþrótti svæðisins og um leið verið að draga úr getu svæðisins til þess að sinna atvinnuþróunarverkefnum um allan fjórðung.
- Grunnfjármagn til atvinnuþróunar til Austurbrúar í gegnum samning Austurbrúar og Byggðastofnunar árið 2023 var um 35 m.kr. sem er einungis liðlega tvö stöðugildi. Ljóst er að sú fjárveiting þolir engan veginn niðurskurð og þá er vert að minna á að stök verkefni sem koma inn í landshlutann, s.s. Seyðisfjarðarverkefnið og Brothættar byggðir, eru ekki unnin ein í tómarúmi heldur er einn af styrkleikum þeirra að þau eiga sér sterkt bakland í grunnstoðum Austurbrúar og þar með tengsl við almenna atvinnuþróun á svæðinu.

#### **Ferða- og markaðsmál**

- Boðaður niðurskurður til ferðamála kemur á sama tíma og aldrei hefur verið meiri þörf á að dreifa þeim fjölda ferðafólks sem hingað kemur betur um landið, náttúru og samfélögum til hagsbóta. Þrátt fyrir mikinn fjölda ferðamanna á Íslandi, heimsóttu aðeins 28% af þeim sem komu hingað til lands í september 2022 til ágúst 2023 Austurland og aðeins 19% gistu. Mikið verk er fram undan eigi ferðaþjónustan á Austurlandi að verða heilsársatvinnugrein og Austurland áfangastaður allt árið um kring. Sem áfangastaðastofa er Austurbrú lykilaðili í stoðkerfi ferðaþjónustunnar; stuðlar að vöruþróun, stefnumótun, fræðslu, markaðssetningu og öðru sem byggir undir fjölgun ferðafólks í fjórðungnum og tekst á við þær áskoranir sem komu ferðamanna fylgir, þ.m.t. vegna fjölgunar skemmtiferðaskipa.
- Verði framlög til ferðamála skorin niður, kemur það harðast niður á ferðaþjónustu á svæðum fjærst höfuðborgarsvæðinu, s.s. Austurlandi. Á síðustu árum hefur Austurbrú staðið frammi fyrir síauknum vanda við að vinna verkefni tengd ferðaþjónustu sem stofnuninni hafa verið falin af hinu opinbera og eru nauðsynleg ef beina á sjónum ferðafólks að fjórðungnum. Samningbundin framlög til Austurbrúar hafa staðið í stað síðustu þrjú ár, á sama tíma og hækkandi verðlag hefur rýrt raunviði framlagsins verulega. Boðaður niðurskurður gengur því þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að allir landshlutar njóti góðs af ferðaþjónustu og gerir Austurbrú nær ókleift að uppfylla hlutverk sitt enda hefur verkefnum fjölgað.

- Fjármunum er veitt til áfangastaðastofa landshlutanna í gegnum Ferðamálastofu. Hlutverk áfangastaðastofa er þó annað og meira en markaðs- og kynningarmál og auka þarf fjármuni til þeirra svo þeim sé gert kleift að styðja við uppbyggingu og þróun ferðapjónustu. Fjármögnun verkefnisins hefur staðið óbreytt í krónutölu í fjölda ára og hafa fjárhagslegar forsendur landshlutanna til að sinna verkefnum rýrnað sem því nemur.
- SSA skorar á stjórnvöld að auka samvinnu ólíkra innviðastofnana til að takast á við uppbyggingu ferðamannastaða og ferðaleiða sem opnar eiga að vera allt árið um kring. Tryggja þarf að vegir séu þjónustaðir yfir vetrartímann og rafhleðslustöðvum fjölgað ef fjórðungurinn á að vera opinn gestum og íbúum hans allan ársins hring.
- Framlag til áfangastaðastofa hefur verið 22 m.kr á ári síðan 2021. Framlög til samninganna hafa ekki fylgt vísitölupróun. Hefðu samningar fylgt verðlagspróun næmi upphæðin rúmum 28 m.kr. Sé vísitala launa notuð við framreikninginn myndi samningurinn nema tæpum 30 m.kr. Mikilvægt er að skoða samningsupphæðina í tengslum við launaþróun þar sem stór hluti hans fer til greiðslu launa.

#### Húsnæðismál

- SSA skorar á stjórnvöld og aðra hagaðila að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Austurlandi. Skortur á húsnæði á Austurlandi í dag hamlar bæði þróun atvinnulífs og fjölgun starfa á svæðinu. Brýn þörf er þ.a.l. á að tryggja að húsnæðisstuðningskerfi stjórnvalda séu uppfærð þannig að þau geti stutt við nauðsynlega uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Austurlandi.

#### Umhverfismál

- Mikilvægt er að gæta að jafnræði svæða við sameiningu stofnana á sviði umhverfisráðuneytis og tryggja uppbyggingu á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og efla þar landsvörslu. Víða á austursvæði þjóðgarðsins hefur skortur á fjármagni haft áhrif á opnun gestastofu, uppbyggingu og nauðsynlegt viðhald svæða. Nú þegar ferðamönnum fer fjölgandi á ný eftir faraldurinn er mikilvægt að fjármögnun á vöktun og þjónustu vaxi samhliða fjölgun gesta.
- Útlit er fyrir að sameining Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í eina stofnun hafi það í för með sér að eina ríkisforstjórastaðan á Austurlandi flytjist annað. Það eru vonbrigði fyrir Austurland ef engin ríkisstofnun er með höfuðstöðvar sínar í landshlutanum. Þá vill SSA koma á framfæri mikilvægi þess að stofnunin verði eftir sem áður með öflugra starfsstöð á Austurlandi og skoðuð tækifæri til að efla hana, ekki síst á sviði landgræðslu en fjórðungurinn hefur verið án sérfræðings á því sviði frá því að Landgræðslan lokaði skrifstofu sinni á Austurlandi árið 2021.
- Náttúrustofa Austurlands (NA) er mikil þekkingarstofnun í austfirsku samfélagi og gegnir víðtæku hlutverki. Hjá NA er unnið að rannsóknum á náttúrufari og m.a. má benda á að stofan annast rannsóknir á hreindýrum, sem einungis er að finna á Austurlandi og eru dýrmætur þáttur í lífríki svæðisins. Framlag til náttúrustofa á landsvísu í fjárlagafrumvarpi 2024 lækkar töluvert á milli ára. SSA leggur á það áherslu að ekki sé skert fjárveiting til rannsókna á náttúrufari á Austurlandi.

- Í tengslum við orkuskiptin hefur verið hvatt og stutt við aukna rafbílavæðingu á Íslandi. Því miður skortir mjög á uppbyggingu hleðslustöðva á Austurlandi og veldur þetta áhyggjum, t.d. þegar kemur að flæði ferðamanna um landið. Þau sem taka rafbíl á bílaleigu eru ólíklegri til að koma austur á land þar sem rafhleðslukerfið er veikt. Því er beint til stjórnvalda að koma að uppbyggingu þessa kerfis á Austurlandi þar sem einkaaðilar hafa ekki sinnt þessu verkefni vel.
- Einnig hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að rafvæða hafnir landsins en hvorki í drögum að nýrri samgönguáætlun né í nýju fjárlagafrumvarpi er hægt að sjá að ríkið ætli að veita nokkrum fjármunum í þessi mikilvægu en fjárfreku verkefni.
- SSA minnir á að ýmis konar sóknarfæri eru til frekari þróunar landbúnaðar á Austurlandi og mikilvægt að auka fjárhagslegan stuðning til að stuðla að nýsköpun, auknu samstarfi og þróun þvert á greinar.

## Menntun

- SSA fagnar því að búið sé að leiðrétta hlut Austurbrúar á fjárlögum þegar kemur að fjárveitingu til þekkingarseturs og símenntunar. Austurbrú hefur sýnt mikið frumkvæði í rannsóknum og greiningum á samfélaginu á Austurlandi og nauðsynlegt að fjármögnun þekkingarseturshluta Austurbrúar taki mið af því, þar sem hún leiðir til markvissari aðgerða og ákvarðana. Þá eru mikil tækifæri til að styðja enn frekar við símenntunarhlutann hjá Austurbrú og mikil tækifæri eru í því að byggja upp öflug háskólasetur á Austurlandi. SSA hvetur til þess að fjárveiting til Austurbrúar verði tryggð með því að gera samninga við stofnunina til 3-5 ára.
- Efla þarf sérstaklega fjárveitingar til íslenskukennslu nýbúa en grunnfjárveiting í þennan málaflokk hefur staðið í stað til fjölda ára. Samfélagið á Austurlandi er fjölbreytt og er mikilvægt að geta boðið upp á íslenskukennslu um allan fjórðunginn í takt við þarfir nemenda, svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu sem þeir búa í. Hjá Austurbrú er unnið að spennandi verkefni sem kallast Lísa en það er smáforrit (app) sem ætlað er að kenna útlendingum íslensku og tekur sérstaklega mið af þörfum vinnumarkaðarins. Forritið byggir á áratuga reynslu Austurbrúar og fyrirrennara þess við íslenskukennslu fyrir útlendinga. Sérlega skortir fjármagn til að halda áfram með þetta mikilvæga verkefni.
- Framhaldsskólar landshlutans; Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) og Verkmenntaskóli Austurlands (VA), eru framsæknar menntastofnanir og landshlutanum gífurlega mikilvægar. Nauðsynlegt er að fjármögnun geri þeim kleift að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til fámennra skóla í dreifðum byggðum. Skólarnir hafa sýnt frumkvæði á sviði fjarnáms og mikilvægt að styðja við það áfram enda hækka þannig ársnematölur í landsbyggðarskólum sem hafa takmarkað framboð dagskólanema. Sú aðgerð styður enn fremur við dagskólann, heldur uppi stöðugildum og eykur þar með fjölbreytni náms í skólum á landsbyggðinni.
- Framhaldsskólarnir á Austurlandi sinna mikilvægu hlutverki við að auka aðgengi að námi í landshlutanum. Þeir hafa sýnt útsjónarsemi og skapað sér sérstöðu og mikilvægt er að tryggja þeim fjármagn til áframhaldandi þróunar og styrkja þannig samkeppnisstöðu þeirra gagnvart skólum á höfuðborgarsvæðinu. Mikil eftirspurn er á svæðinu eftir fólki með ýmis konar menntun á sviði starfs-, verk- og iðnnáms í

fjölmörgum greinum og því mikilvægt að styðja þessar menntastofnanir til vaxtar. ME og VA eru mikilvægir hlekkir í byggðapróun landshlutans.

- Mikilvægt er að gæta að starfi Hallormsstaðaskóla og þeirri nýsköpun og þróun sem þar hefur átt sér stað á sviði menntunar byggðri á sjálfbærni. Skapa verður svigrúm fyrir skólann til að móta og þróa námsframboð á háskólastigi.
- LungA-skólinn er frumkvöðull í lýðskólamenntun á Íslandi og gæta verður að starfi og þróun þessarar nýsköpunar í fræðsluúrræðum. LungA-skólinn er í erfiðri stöðu m.t.t. aðstöðumála í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði og brýnt að skólinn fái stuðning til að leysa þann vanda.

### Menningar- og safnamál

- SSA leggur áherslu á að fjárveitingar til menningarmiðstöðva á Austurlandi verði auknar og rekstrargrundvöllur þeirra þannig styrktur. Núverandi fjárveiting hefur staðið í stað í nokkur ár á tímum launa- og kostnaðarverðshækkana og er farið að draga úr getu miðstöðvanna til að sinna hlutverki sínu. Menningarmiðstöðvarnar eru lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi, ekki síst til að jafna aðgengi landsmanna að menningu og stuðla að samstarfsverkefnum sem efla grasrótavinnu allra aldurshópa í landshlutanum.
- Í fjárlögum fyrir 2024 er gert ráð fyrir að fella niður 15 m.kr. framlag til Tækniminjasafns Austurlands sem SSA mótmælir harðlega enda stendur safnið á miklum krossgötum í kjölfar skriðufallanna á Seyðisfirði. Safninu hefur verið fundið nýtt húsnæði en fram undan eru miklar framkvæmdir við að byggja það hús og standsetja. Falli þetta framlag niður hefur safnið takmarkaða fjármuni til reksturs þar sem það getur ekki byrjað að skapa sér neina tekjumöguleika fyrr en nýtt húsnæði er risið.
- Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði hefur skapað sér sérstöðu í skapandi greinum með fjölpættu úrvali af vinnustofum sem nýtist breiðum hópi innlendra og erlendra listamanna og eflir og auðgar umhverfið í þessari brothættu byggð. SSA telur mikilvægt að varanlegur farvegur sé skilgreindur fyrir stuðning við það mikilvæga þróunarstarf sem þar er unnið. Stofnunina vantar sárlega fjármagn til að geta haldið áfram uppbyggingu, bæði á rými fyrir skapandi störf og samvinnurými fyrir fólk í hinum ýmsu atvinnugreinum.
- SSA ítrekar mikilvægi þess að auka fjármagn til safna sem og annarra rannsókn- og menningarstofnana á Austurlandi. Uppbygging í safnamálum og menningarstofnunum styður við þróun útflutningsgreina á borð við ferðaþjónustu í að verða heilsársatvinnugrein. SSA minnir enn fremur á áhugaverð verkefni tengd fornleifauppgræftri á Austurlandi og mikilvægi þess að auka stuðning við þau og þar með þá auknu þekkingu sem þau veita um sögu okkar. Miðlun sögunnar á að eiga sér stað á svæðinu svo það verði til þess að efla og styrkja þróun þess.



## Almanna- og réttaröryggi, sýslumenn

- Sýslumannsembættið á Austurlandi hefur ítrekað vakið athygli á að fjárveitingar til þess séu langt frá því að standa undir þeirri þjónustu sem embættinu er ætlað að veita. Fjárveiting til sýslumannsins á Austurlandi er um 63 m.kr. lægri samanborið við þann landshluta sem næst kemur og ljóst að þetta hefur veruleg áhrif á hvaða starfsemi er hægt að halda úti í þeim landshluta sem er fjærst höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður séð á hvaða forsendum þessi gríðarlegi munur á fjárveitingu til embættisins á Austurlandi samanborið við aðra landshluta byggir. Þá eru Austfirðingar uggandi yfir þeirri þróun sem hefur verið á landsbyggðinni að ráða ekki í stöðu ef sýslumaður lætur af störfum heldur sameina við annað embætti. Á næsta ári fer núverandi sýslumaður Austurlands á eftirlaun og Austfirðingar leggja á það ríka áherslu að áfram verði sýslumaður á Austurlandi. Sýslumannsembættið á Austurlandi er íbúum þess mikilvægt og hætt við að verkefni og slagkraftur þess dvíni missi það sjálfstæði sitt.
- Lögregluumdæmið á Austurlandi telur um 16% af heildarstærð landsins. Undanfarin ár hafa verið sérstaklega erfið m.t.t. fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og of oft hafa komið upp atvik þar sem lögreglan á Austurlandi þarf ein að standa að baki fyrsta viðbragði. Því er brýnt að lögreglan á Austurlandi sé mönnum menntuðu og vel þjálfuðu fólki svo hún sé í stakk búin til að bregðast við ein og óstudd hvort sem það er vegna náttúruvár, í landamæraeftirliti eða í erfiðum löggæsluverkefnum. SSA vill sérstaklega benda á aðstöðuleysi lögreglunnar á Seyðisfirði. Þar eru landamæri og nauðsynlegt að ráðast tafarlaust í úrbætur enda hafa fjölmörg stór mál komið þar upp undanfarin ár í landamæraeftirliti og öðrum verkefnum.

## Fiskeldissjóður


- SSA ítrekar mikilvægi þess að tekjur sem áætlaðar eru undir merkjum fiskeldissjóðs skili sér tafarlaust til þeirra sveitarfélaga á Austfjörðum og Vestfjörðum þar sem fiskeldi er stundað. SSA fagnar því fyrirhuguðum áformum um breytingar á lögum er varða fiskeldisgjald, ítrekar mikilvægi þess að gjaldið renni beint til sveitarfélaga og hvetur Alþingi til að fylgja málinu eftir.
- SSA vill benda á mikilvægi þess að störf vegna eftirlits með fiskeldi verði staðsett nálægt starfseminni og því auglýst sem staðbundin á þeim svæðum sem eldið er stundað. Þetta er gott tækifæri til að fjölga opinberum störfum á landsbyggðunum.

## Lokaorð


Fulltrúar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vænta þess að fá tækifæri til að hitta fjárlaganefnd og gera þar nánari grein fyrir áherslum í þessari umsögn.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,



Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður



Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri